

27. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis

Haldinn í Giljaskóla 03.10.2018 kl. 17:30

Mættir: Finnur Víkingsson, Elín Eyjólfadóttir og Lilja Gísladóttir

Gestur: Tryggvi Tryggvason

Fjarverandi: Hafþór Jörundsson, Eva Hlín Dereksdóttir og Hjálmar Pálsson

- Ekkert hefur gerst í málinu um steypueiningaverksmiðjuna síðan íbúafundurinn var haldinn í Giljaskóla 17. maí á þessu ári.
- Umræða tekin um alla tölvupóstana sem hafa gengið á milli formanns hverfisnefndar og embættismanna um málefni steypueiningaverksmiðju en það er lítið um svör.
- Einnig rætt um tölvupósta milli lögfræðings hverfisnefndar og Alfreðs heilbrigðisfulltrúa vegna steypueiningaverksmiðju sem hefur ekki starfsleyfi.
- Í byrjun september sendi lögfræðingur, fyrir hönd hverfisnefndar, beiðni á heilbrigðiseftirlitið um að stöðva starfssemi steypueiningaverksmiðjunnar þar sem starfsleyfi vanti. Eftir ítrekun frá lögfræðingi fengust þau svör að heilbrigðisnefnd hefur ákveðið að hafna þeirri beiðni á þeim forsendum að málið sé í skoðun hjá skipulagsyfirdömdum. Því ekki tímabært að stöðva starfsseminna. Hverfisnefnd undrar sig á að fyrirtæki fái að starfa án leyfis.
- Fundarmenn reyna að finna fundargerðina á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins þar sem þetta mál var til umfjöllunar en finna hana ekki sú nýjasta er síðan 14. júní 2018.
- Vangaveltur hjá fundarmönnum eftir hvaða forskrift að skipulagi Verkís er að vinna fyrir Ak.bæ.
- Ákveðið að þeir sem eru mættir á þennan fund fari á opinn fund bæjarfulltrúa (Halla og Hlynur) 4. okt. kl. 17:00 í Ráðhúsinu og ræði þessi mál.

Fundi slitið kl. 18:30

Elín Eyjólfadóttir, fundarritari